

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

### 21. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS KJÖRTÍMABILID 2022-2026

Árið 2024, föstudaginn 19. apríl kl. 8:30, var haldinn 21. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri.

#### Mættir voru á fundinn:

Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti, Aníta Björk Pálínudóttir, Jónas Ó. Skúlason, Eiríkur Valgeir Scott og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum að ganga til dagskrár.

#### Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 21. fund  
*Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.*
2. Tillaga að úthlutun byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2023/2024  
*Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps leggur til að reglur um úthlutun byggðakvóta verði með þeim hætti að veitt verði í alla flokka útgerðarmynsturs þannig að 65 tonn fari í flokk fristundaveiðibáta, 40 tonn til krókaflamarksbáta og 30 tonn í hlut togbáta sem gera út frá Súðavík. Sveitarstjórn leggur til að vinnsla verði án staðsetningar þannig að flokki krókaflamarksbáta verði heimilt að landa til vinnslu án staðsetningar þegar vinnsla getur ekki tekið á móti afla vegna yfirflæðis af fiski. Þá er jafnframt lagt til að togbátum sem gera út frá Súðavík verði heimilt að leggja til sæbjúgu til andlags byggðakvóta samkvæmt þeim stuðlum sem ráðuneytið telur hæfa. Ef ekki verði fallist á þær undantekningar er óskað eftir því að togbátar fái úthlutun samkvæmt þeim reglum sem gilda um byggðakvóta – samtals 30 tonn og tillögur Súðavíkurhrepps haldi sér að öðru leyti. Sveitarstjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að viðhalda útgerð í Súðavík.*
3. Samningur um almenningssamgöngur – tilraunaverkefni  
*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að halda áfram samningaviðræðum við OK Hvammstorg og tilnefnir Anítu Björk Pálínudóttur til samningagerðar við þá með sveitarstjóra.*
4. Velferðapjónusta Vestfjarða – erindi framkvæmdaráðs og erindi vegna barnaverndarþjónustu  
*Sveitarstjórn er samþykk þeirri tilhögun sem lagt er til varðandi bakvaktir og annað fyrirkomulag sem þarf til að samþætta þjónustu undir leiðandi sveitarfélagi um rekstur velferðapjónustu.*
5. Samband íslenskra sveitarfélaga – áskorun vegna gerðar kjarasamninga dags. 8.3.2024 og bréf dags. 13.3.2024  
*Sveitarstjórn hefur tekið afstöðu til þeirra ábendinga sem fram koma í erindinu og skoða þær hækkánir sem gerðar hafa verið á gjaldskrár Súðavíkurhrepps. Ekkert hefur hækkað utan hafnarþjónustu og innheimtu sorpgjalds sem ekki á við um þær ábendingar sem fram koma.*




6. Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða – tillaga að lýsingu Svæðisskipulags Vestfjarða  
*Sveitarstjórn samþykkir lýsingu svæðisskipulags Vestfjarða.*
7. Málefni verslunar í Grundarstræti  
*Sveitarstjórn samþykkir að endurskoða samning við rekstraraðila verslunar í Súðavík og mötuneyti og leitar leiða til þess að bjóða út reksturinn.*
8. Umsagnarmál og erindi til kynningar:
  - a. Samband íslenskra sveitarfélaga – tíðindi og fundargerðir  
*Kynnt sveitarstjórn.*
  - b. BS Vest – fundargerð stjórnar dags. 18.3.2024  
*Kynnt sveitarstjórn.*

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:45

  
Bragi Þór Thoroddsen

  
Jónas Ólafur Skúlason

  
Eiríkur Valgeir Scott

  
Aníta Björk Pálínudóttir

---

Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti